

Skólanámskrá Grunnskólans á Hólmavík


Strandabyggð

Síðasta endurskoðun Mar 31, 2025

Ábyrgðaraðili: Skólastjóri Grunnskólans í Hólmavík

Efnisyfirlit

Saga	3
Sýn og stefna	3
Kennsluaðferðir	4
Lykilhæfni og persónuleg markmið	5
Lokamat	8
Samræmdar mælingar	9
Grunnpættir	9
Grunnpættir	10
Sjálfbærni	10
Heilbrigði og velferð	10
Lýðræði og mannréttindi	11
Jafnrétti	11
Læsi	12
Sköpun	12
Bókasafn og bjargir	13
Tækni og nám	13
Heimanám	13
Námsgreinar	14
Valgreinar	15
Undanþága frá skyldunámi	16
Samstarf heimilis og skóla	17
Samstarf við framhaldsskóla og tilfærsluáætlun	18
Tengsl skóla við nærsamfélagið	18
Áætlun um agamál	19
Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla	19
Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda	19
Ábyrgð, réttindi og skyldur forsjáraðila	19
Innra mat	20
Áætlanir	21



Skólanámskrá

Skólanámskrá er stefnumarkandi skjal sem endurspeglar sérstöðu hvers skóla og markar heildarsýn á skólastarfið. Hún er útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og byggir á lögum og reglugerðum, en jafnframt á stefnu og áherslum viðkomandi skóla. Skólanámskráin veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki skýra sýn á markmið, innihald og skipulag námsins.

Í skólanámskrá Grunnskólans á Hólmavík eru sett fram markmið skólastarfsins og hvernig skólinn hyggst ná þeim í daglegu starfi. Þar kemur fram hvernig námið er uppbyggt, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og á hvaða hátt námsmat fer fram. Skólanámskráin lýsir einnig starfsháttum skólans, fyrirkomulagi stoðþjónustu og öðrum þáttum sem snúa að skipulagi og framkvæmd náms og kennslu.

Mikilvægur hluti skólanámskrárinnar er mat á árangri og gæðum skólastarfsins. Þar kemur fram hvernig skólinn fylgist með eigin árangri, hvernig umbótastarf er skipulagt og hvernig niðurstöður mats eru nýttar til þróunar og framfara í skólastarfinu.

Skólanámskráin er lifandi gagnasöfnun sem skal endurskoðað reglulega, þannig að hún endurspegli bæði þróun innan skólans og breyttar þarfir samfélagsins. Hún er grundvöllur fyrir markvissa og gagnsæja skólastjórn og mikilvægt verkfæri til að tryggja gæði og jafnræði í námi allra nemenda.

Saga Grunnskóla Hólmavíkur


Skólahald á Hólmavík hefur verið rakið allt til ársins 1910 en þá var fyrst kennt í ákveðnu skólahúsi á Hólmavík.

Haustið 1948 hófst kennsla í nýju skólahúsnæði að Skólabraut 20.

Viðbygging við skólann var tekin í notkun 1984 þótt henni væri ekki að fullu lokið.

Haldin var vegleg veisla 1998 í tilefni 50 ára afmælis skólans. Nemendur í 10. bekk (1998-1999) tóku þá saman stutt söguágrip frá árinu 1910 og lista yfir kennara sem kenndu við skólann frá 1948-1999.

Síðla árs 2022 kom upp mygla í húsnæði skólans og var hann þá rýmdur og honum lokað. Nemendur og starfsfólk dreifðist þá um staðinn og var hver bekkjardeild saman um húsnæði. Kennt var í Hnyðju, á efri hæð sparisjóðsins, í flugstöð til skamms tíma, í félagsheimili og að lokum einnig í Vallarhúsi sem var gámahús staðsett á skólavellinum. Unnið var að endurbótum á skólanum og nýrri hlutinn endurgerður og tekinn í notkun



haustið 2024.

Tónskólinn hóf starfsemi sína 1984.

Leikskólinn á Hólmavík heitir Lækjarbrekka. Húsnæðið sem er sérstaklega byggt sem leikskóli var tekið í notkun 1988 og sumarið 2003 var byggt við leikskólann og hann stækkaður um helming.


Skólastarf er frá 1. janúar 2020 sameinað í Leik-, Grunn- og Tónskóla á Hólmavík

Sýn og stefna

Skólinn vill vera skóli án aðgreiningar þar sem fjölbreyttir kennsluhættir, einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarmat eru í forgrunni. Lögð er áhersla á að öllum nemendum fari fram í námi og líði vel í skólanum. Skólinn vinnur markvisst að því að vera umhverfisvænn, lýðræðislegur og samfélagslega virkur skóli.

Stefna skólans og lykiláherslur:

1. Einstaklingsmiðað nám og skóli án aðgreiningar:
 - Kennsla tekur mið af þörfum hvers og eins nemanda.
 - Nemendur vinna eftir eigin markmiðum í samráði við kennara og foreldra.
 - Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru í forgrunni (sjálfstæð vinna, hópvinna, leitarnám o.fl.).
 - Sérstaklega er hugað að bæði nemendum sem þurfa stuðning og bráðgerum nemendum.
2. Fjölbreytt námsmat og leiðsagnarmat:
 - Námsmat byggist á hæfniviðmiðum og er í formi símatmats, sýnismappa, frammistöðumats o.fl.
 - Lögð er áhersla á að matið styðji við nám og sjálfstraust nemenda.
 - Lokamat má ekki vera meira en 25% af heildarmati.
3. Faglegt starf og símenntun:
 - Markviss teymisvinna kennara og starfsfólks.
 - Starfsfólk vinnur saman að þróun námsvísa, kennsluáætlaða og innra mats.
 - Þróunarverkefni í STEAM og samþættingu námsgreina eru í gangi .
4. Jákvæður agi og góð samskipti:




- Skólinn vinnur með hugmyndafræði jákvæðs aga, vaxtarhugarfar og skýrar samskiptaáætlanir.
 - Áhersla á að styrkja félagslega stöðu nemenda og byggja upp jákvæð samskipti.
5. Samstarf heimila og skóla:
- Foreldrar eru virkir þátttakendur í skólastarfi, bæði í foreldraviðtölum og viðburðum.
 - Regluleg viðtöl og kynningarfundir með foreldrum.
 - Stuðningur við foreldrastarf og aðkomu foreldra að ákvarðanatöku í skólaráði.
6. Sjálfbærni og umhverfismennt:
- Skólinn er virkur þátttakandi í Grænfánaverkefninu og vinnur markvisst að umhverfisstefnu.
 - Áhersla á að tengja umhverfismennt við daglegt starf og skólabrag.
7. Samfélagsleg tenging og heildræn nálgun:
- Samstarf við tónlistarskóla, leikskóla, framhaldsskóla og félagasamtök.
 - Sameiginleg dagskrá og verkefni með samfélaginu á staðnum (t.d. umhverfis dagar, leiklistarverkefni, starfskynningar o.fl.).
8. Jákvæður skólabragur felst í eftirfarandi þáttum:
- Virðing og umhyggja
 - Lýðræði og þátttaka
 - Stuðningur við nemendur
 - Samvinna og tengsl við nærumhverfi
 - Viðbrögð við samskiptavanda

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir Grunnskólans á Hólmavík byggja á leiðarljósi aðalnámskráa grunn- og leikskóla, samþættingu námsgreina, einstaklingsmiðaðri nálgun og leiðsagnarnámi. Litið er á fjölbreytta kennsluhætti sem lykil að því að mæta þörfum og áhugasviðum hvers nemanda. Kennarar beita mismunandi aðferðum til að tryggja virkni, djúpan skilning og raunverulegt nám þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í eigin námi.

Við skipulag og framkvæmd kennslu er lögð áhersla á:

- Leiðsagnarnám, þar sem námsmat er hluti af námsferlinu og nemendur fá reglulega endurgjöf sem hjálpar þeim að bæta árangur sinn.
- Samþættingu námsgreina, þar sem viðfangsefni náms eru unnin á þverfaglegan hátt og tengd við reynsluheim nemenda.



- Verklegt nám og reynslunám, sem eflir skilning og áhuga með því að tengja fræði við veruleikann.
- Samvinnunám, sem stuðlar að virku námi í hópi þar sem nemendur miðla hugmyndum og læra saman.
- Sköpun og gagnrýna hugsun, þar sem nemendur fá rými til að spyrja spurninga, prófa sig áfram og þróa eigin lausnir.
- Stigvaxandi ábyrgð nemenda á eigin námi, með áherslu á sjálfstæði, sjálfsmat og þátttöku í ákvarðanatöku tengdri námi og verkefnum.

Kennarar leggja áherslu á að skapa öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem fjölbreytileiki er virtur og allir nemendur fá tækifæri til að vaxa og dafna. Námið byggist á skýrri sýn á hæfni og þroska nemenda í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár. Í öllu starfi er unnið með lykilhæfni, grunnþætti menntunar og persónuleg markmið hvers og eins.

Markmiðum í kennslu er gerð skil í námsvísunum hvers árs sem birtir eru á heimasíðu skólans. [Strandabyggð / Námsvísar, áætlanir og mat](#)

Nemendamarkmið

Í Grunnskólanum á Hólmavík er lögð áhersla á að hver og einn nemandi fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og ná sem bestum árangri í námi. Við kortlagningu á framförum nemenda er unnið með hæfniviðmið aðalnámskrár, fyrir öll skólastig. Nemendur eru á mismunandi aldri og með ólíkan bakgrunn og því er sérstaklega horft til einstaklingsmiðaðra markmiða og framfara í stað þess að einblína einvörðungu á lokaviðmið einstakra árganga.

Kennarar fylgjast reglulega með framförum nemenda og veita markvissa endurgjöf í anda leiðsagnarnáms. Með skipulögðum matsferlum fá nemendur innsýn í eigin nám, taka þátt í mótun markmiða og bera sífellt meiri ábyrgð á eigin námi.

Í gegnum námið eru unnin bæði fagleg og persónuleg markmið sem styðja við lykilhæfni aðalnámskrár. Þannig er stuðlað að heildstæðum þroska þar sem nemendur læra að:

- Tjá sig skýrt og með öryggi, bæði munnlega og skriflega, með mismunandi tjáningarformum og miðlum.



- Hugsa gagnrýnið og skapandi, takast á við verkefni af áhuga og þrautseigju, spyrja spurninga og leita lausna.
- Vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra, taka ábyrgð á eigin verkefnum og stuðla að góðum samskiptum og hópvinnu.
- Nota miðla og upplýsingar á gagnrýninn og ábyrgan hátt, afla sér þekkingar og deila henni á fjölbreyttan hátt.
- Setja sér raunhæf markmið, fylgjast með eigin framförum og þróa eigin vinnulag með tilliti til árangurs og áhugasviðs.

Lögð er áhersla á að nemendur þroski sjálfstæði, trú á eigin getu og jákvætt viðhorf til náms. Í skólastarfinu er jafnframt unnið með félagsfærni, ábyrgð, virðingu og samkennd. Markmiðið er að styðja nemendur í að verða virkir þátttakendur í samfélaginu, sem bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Námsmatsstefna skólans kveður á um hvernig unnið er að einstaklingsmiðuðum framförum hvers og eins nemanda. [Námsmatsstefna Strandabyggðar](#)


Þemaverkefni og námsvísir

Í [námsvísi](#) skólans er yfirlit yfir þau verkefni sem vinna nemenda byggir á. Hver spönn eða hvert tímabil er drifin áfram af einum grunnþætti - en á sama tíma lita allir grunnþættirnir allt starf skólans. Hugtökin sem lýsa þemanu ásamt grunnþáttum samþætta námsgreinar ákveðinn hluta af náminu. Skipulag samþættingar sem hluta af námi nemenda, má t.d. sjá í stundatöflu nemenda. Námsvísirinn gefur heildaryfirlit yfir uppbyggingu náms yfir heilt skólaár.

Á hverju skólaári fara nemendur í gegnum sex spannrir eða tímabil þar sem áhersluverkefni birtast í ólíkum myndum í gegn um skóladag nemenda.

Námsvísir skólans verður þróaður áfram en hann er gæðastýringartæki og tryggir jafnframt fjölbreytni í starfsháttum bæði fyrir nemendur og kennara. Eitt viðfangsefni stýrir vinnunni en nemendur vinna að markmiðum á sínum forsendum. Alltaf er lögð áhersla á tengingu hvers og eins nemanda við viðfangsefnið og framfarir viðkomandi.

Undir hverju þema er tiltekið hvaða lykilhæfni, viðmið um árangur og persónulegu markmið eru áhersluatriði hverju sinni. Í námsvísinum kemur líka fram hvernig



viðkomandi þemaverkefni tengist markmiðum skólans um að vera stöðugt að stuðla að bættum heimi með áherslu á grunnþætti menntunar.

Í námsvísinum hefur hver grunnþáttur sinn dálk og undir honum birtast áhersluatriði spannarinnar/ tímabilsins hvað varðar lykilhæfni, námsgreinar o.fl. Þegar námsvísirinn er lesinn frá vinstri til hægri birtist fjölbreytnin.

Hver spönn/ hvert tímabil hefur sérstaka tengingu við heimsmarkmiðin þar sem nemendur geta valið að beintengja heimsmarkmiðin við útfærslu eigin verkefna eða vinna sérstök alþjóðleg verkefni þar sem nemendum er gert að leggja sitt af mörkum

[Strandabyggð / Námsvísar, áætlanir og mat](#)

Námsmat

Námsmat er mikilvægur þáttur í námsferli allra nemenda og gegnir lykilhlutverki í því að styðja þá við að ná settum markmiðum. Í Grunnskólanum á Hólmanvík byggist námsmat á leiðsagnarnámi og einstaklingsmiðuðum framförum þar sem lögð er áhersla á stöðuga og uppbyggilega endurgjöf, ígrundun og virka þátttöku nemenda í eigin námi.


Markmið námsmatsins er að:

- gefa nemendum og foreldrum skýra sýn á námsstöðu og framfarir,
- styðja við nám nemenda með reglulegri, gagnlegri endurgjöf,
- auka ábyrgð nemenda á eigin námi og gera þá meðvitaða um markmið og árangur,
- skapa tækifæri til að aðlagja nám að þörfum og áhuga hvers og eins.

Kennarar veita nemendum reglulega viðbrögð og rýna í verkefni í samvinnu við nemendur og stundum foreldra/forsjáaraðila. Námsmat fer fram í rauntíma, jafnhliða námi, og endurspeglar bæði ferli og afurð. Unnið er með fjölbreyttar matsaðferðir, þar á meðal sjálfsmat, jafningjamat, samtalsmat og formlegt mat á viðmiðum um árangur.

Námsmat í skólanum byggir á:

- hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir lok 4., 7. og 10. bekkjar,
- matsviðmiðum og matskvarða sem nýtast til leiðsagnar og undirbúnings lokamats,
- ferilmöppum nemenda sem sýna framfarir og valdar afurðir þeirra,



- nemendastýrðum foreldraviðtölum þar sem nemendur kynna eigin nám og setja sér markmið,
- ítarlegu ástundunarmati sem byggir á virkni, þátttöku og skilum verkefna.

Við hverja námslotu draga nemendur saman efni í ferilmöppu sína og skoða eigin framfarir með leiðsögn kennara. Kennarar skrá mat í námsumsjónarkerfi skólans og gera foreldrum það aðgengilegt. Við lok skólaárs fá nemendur yfirlit yfir árangur sinn og umsögn frá umsjónarkennara og öðrum kennurum.

Á yngsta stigi er matið fyrst og fremst lýsandi og stuðlar að því að byggja upp jákvæð viðhorf til náms. Á miðstigi og unglingastigi er jafnframt unnið markvisst með matsviðmið og matskvarða. Lokamat í 10. bekk fer fram á grundvelli matskvarða samkvæmt aðalnámskrá og fylgir nemendum í framhaldsskóla.

Í Grunnskólanum á Hólmavík er námsmat hluti af menningu sem byggir á því að efla ábyrgð nemenda á eigin námi og námsgleði þar sem trú er á því að hver nemandi geti vaxið og blómstrað – á sínum hraða og með sínum styrkleikum.

Skýr námsmatsstefna hefur verið sett þar sem námsmatið er útskýrt í þaula.


 Námsmatsstefna Strandabyggðar . Námsmatsstefnan er endurskoðuð árlega.

Lokamat og útskrift

Við lok grunnskólagöngu er lögð áhersla á að námsmat endurspegli raunverulegar framfarir og hæfni hvers og eins nemanda. Námsmat á ekki að koma á óvart – nemendur, kennarar og foreldrar eiga að vera með skýra sýn á námsstöðu nemandans allt skólaárið. Kennarar leiðbeina nemendum í að fylgjast með eigin framförum og að miðla þeim til annarra, meðal annars í nemendastýrðum viðtölum.

Nemendur vinna að lokamati sínu jafnt og þétt yfir veturinn með reglubundnu leiðsagnarmati og samantekt á eigin námi í ferilmöppum. Í febrúar eiga þeir samtal við foreldra/forsjáraðila og umsjónarkennara þar sem farið er yfir námsstöðu og sett markmið fyrir lokasprett skólagöngunnar.

Við útskrift úr 10. bekk byggir lokamat á matsviðmiðum aðalnámskrár, einkunnagjöf samkvæmt matskvarða og umsögnum kennara. Einkunnir eru settar á bókstafakvarða (A–D) og fylgja nemendum í framhaldsskóla. Nemendur sem eru í þörf fyrir sérúrræði geta fengið stjörnumerкта einkunn sem gefur til kynna að námsmatið sé aðlagð eða í samræmi við einstaklingsnámsskrá.



Fjölskyldur geta óskað eftir að nemandi ljúki grunnskólanum á skemmri eða lengri tíma, þ.e. á 9 eða 11 árum í stað hefðbundinna 10. Slík ákvörðun er tekin í samráði við lögheimilissveitarfélag, nemendaverndarráð og aðra aðila sem koma að námi og velferð nemandans. Skólastjórn, kennarar og náms- og starfsráðgjafi veita leiðsögn og aðstoð við að móta námsleið sem hæfir nemandanum.

Á lokasprettinum vinna útskriftarnemendur að lokaverkefni sem endurspeglar nám þeirra og þroska. Þar fá þeir tækifæri til að sýna færni sína á fjölbreyttan hátt, miðla eigin lærdómi og horfa fram á veginn sem sjálfstæðir og meðvitaðir námsmenn.

Samræmdar mælingar

Nemendur Grunnskóla Hólmavíkur taka þátt í samræmdum mælingum á vegum Miðstöð menntunar og þjónustu (MMS), líkt og aðrir nemendur á landinu. Mælingarnar veita mikilvægar upplýsingar um stöðu nemenda í lestri, stærðfræði og lesskilningi og eru nýttar sem hluti af heildarmati á námi og framförum.


Markmið samræmdra mælinga í skólastarfinu er að styðja við nemendur í að átta sig á eigin námsstöðu, setja raunhæf markmið og auka meðvitund þeirra um eigin styrkleika og næstu skref í námi. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af kennurum og skólastjórn til að greina hvort og hvar þörf sé á frekari stuðningi, einstaklingsmiðaðri nálgun eða breytingum á viðfangsefnum og aðferðum.

Ef framfarir nemanda eru undir væntingum er brugðist skjótt við með snemmtækri íhlutun og samstarfi við foreldra/forsjáaraðila. Leitast er við að finna námsaðferðir og stuðning sem henta hverjum og einum, þannig að nemandinn nái aftur festu í námi og framfarir verði sýnilegar.

Samræmdar mælingar eru ekki notaðar til samanburðar milli nemenda eða skóla heldur sem verkfæri í þágu einstaklingsbundins náms og framfara hvers nemanda.

Grunnþættir - almennt

„Menntastefna nýrra aðalnámskrár er reist á sex grunnþáttum sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.“



Með þessum sex grunnpáttum er lögð áhersla á að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

Hugmyndirnar að baki grunnpáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér"

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sótt 25. apríl 2018).


Í Grunnskólanum í Hólmavík leiða grunnpættir aðalnámskrár skólastarfið og þar að auki er lögð sérstök áhersla á hvern grunnpátt á sex vikna tímabili á hverju skólaári sem við köllum spannrir eða tímabil. (Grunnpættirnir eru Læsi, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð og sköpun). Þannig hefur hver grunnpáttur sérstakan sess í skólastarfi Grunnskólans í Hólmavík á hverju skólaári. Sjá nánari útfærslu í námsvísi.

Sjálfbærni

- Nemendur taka þátt í því að vinna að heimsmarkmiðum og taka beinan þátt í að hafa áhrif á umhverfi sitt og heiminn allan.
- Í gegnum verkefni nemenda er þeim gert að skilja vistkerfi jarðar og finna leiðir til þess að viðhalda því með gjörðum sínum.
- Framleiðsla og neysla og áhrif á sjálfbærni heimsins er viðfangsefni verkefna nemenda í Grunnskólanum í Hólmavík
- Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna tengd við námsvísinn og verkefnin.
- Nemendur taka þátt í því að auka sjálfbærni heimsins með verkefnum sem tengjast beint viðfangsefninu.

Heilbrigði og velferð

- Nemendum er gert kleift að nálgast viðfangsefni sín út frá áhugasviðum sínum.
- Nemendur skapa sjálfir og með forráðamönnum og kennurum, umhverfi til að efla hreyfifærni sína með leiðsögn frá kennurum.
- Stefna skólans og starfshættir miða að því að koma til móts við þarfir allra nemenda, vinna með þeim á þeirra forsendum svo að þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin heilbrigði og velferð.



- Starfsfólki er veitt svigrúm til að huga að eigin heilsu og svigrúm til að sinna henni.
- Nemendur vinna á stigvaxandi hátt að því að verða færir um að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og velferð og geti ein og óstudd skipulagt heilsusamlegt lífni sitt með hreyfingu, andlega heilsu og mataræði í huga.
- Nemendur læra að þekkja sjálfa sig með verkefnum sínum.

Áætlanir sem tryggja heilbrigði og velferð nemenda

-  Grunnskóli Hólmavíkur - stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, ...
-  Grunnskólinn Hólmavík Öryggi og velferð barna Handbók
-  Stefna um stafrænt öryggi og ábyrga netnotkun
- [Forvararáætlun](#)
- [Eineltisáætlun](#)
- [Móttaka nýrra nemenda](#)
- [Sýn og stefna um velferð nemenda](#)
- [Læsisstefna](#)


Nemendaverndarráð

- Fundar annan þriðjudag hvers mánaðar eða því sem næst.
- Nemendaverndarráð er jafnframt farsældar-, forvarnar og eineltisteymi skólans.
- Í því sitja skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu sem er jafnframt tengiliður farsældar, skólahjúkrunarfræðingur og félagsmálastjóri.
- Nemendaverndarráð leitar til annarra sérfræðinga eftir þörfum til dæmis skólasálfræðings, talmeinafræðings og ráðgjafa skólaþjónustu.
- Nemendaverndarráð metur og samþykkir allt starf lausnateyma og stoðþjónustu við nemendur.

Hægt er að vísa málum til umræðu í ráðinu með því að hafa samband við deildarstjóra stoðþjónustu.

Farsæld nemenda

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir er tengiliður farsældar við skólann, situr í nemendaverndarráði og stýrir stoðþjónustu skólans.



Stoðþjónusta

Nemendaverndarráð Grunnskólans á Hólmavík

Hlutverk nemendaverndarráðs birtist í heild sinni á vefsíðu skólans [hér](#).

Nemendaverndarráð heldur fundi einu sinni í mánuði á þriðjudegi klukkan 12:50

Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur er Kristín G. Arnardóttir. Hún tekur þátt í starfi nemendaverndarráðs og mun heimsækja skólann reglulega. Tilkynningar verða sendar á foreldra þegar viðvera hefur verið skipulögð.

Aðgengi nemenda að stoðþjónustu og sérkennslu

Hvað er sérkennsla?


Sérkennsla er það þegar nemendur fá sérstaka námsaðstoð í tilteknum námsgreinum eða almennt, um lengri eða skemmri tíma. Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennari metur hvaða form er heppilegast í hverju tilviki fyrir sig í samráði við umsjónarkennara. Enginn nemandi fær sérkennslu nema farið hafi verið yfir mál hans í nemendaverndarráði, í samráði við foreldra og með samþykki þeirra.

Fyrirkomulag sérkennslu

Sérkennsla er eitt af námstilboðum skólans til að mæta þörfum nemenda. Hún felur í sér breytingu á námsaðstæðum, námsefni, námsmarkmiðum og/eða kennsluaðferðum. Sérkennslan er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum viðkomandi nemanda og fer ýmist fram innan eða utan almennra bekkjardeilda. Við skipulag sérkennslu í skólanum er unnið eftir reglugerð um sérkennslu.

Í reglugerð um sérkennslu segir:

Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Í sérkennslu felst m.a.: Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahóp eða hvern einstakling sem byggð er á



upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og á athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Tilgreind skulu langtíma- og skammtímamarkmið með kennslunni. Sérkennsla er veitt einstaklingum eða hópum. Hún getur verið bundin við afmarkaða þætti náms eða almenn námsaðstoð og byggist skipulag og inntak hennar á greiningu og mati á stöðu nemenda og þörfum þeirra. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári. Í sérkennslu fer reglulega fram mat á stöðu nemenda. Framhald sérkennslunnar er skipulagt í samræmi við niðurstöðu matsins. Talsverður sveigjanleiki er á fjölda nemenda í sérkennslu og fer það eftir þörf og áherslum hverju sinni. Þegar um er að ræða nemendur með miklar sérþarfir eru haldnir reglulegir fundir með þeim aðilum sem skipuleggja og vinna sameiginlega að námi nemanda. Einnig eru haldnir reglulega fundir með foreldrum/forráðamönnum.

Stuðningur

Börn með stuðning fylgja kennslu og námsefni bekkjar en geta þarfnast aðstoðar eða stuðnings bæði við nám og félagsleg. Skólanum er úthlutað ákv. tímafjölda ár hvert til að sinna sérkennslu. Hver fjöldi tímana er ákvarðast af þörfinni hverju sinni. Þörfin fyrir fjölda sérkennslustunda er ávallt í endurskoðun.


Áhersla er á að styðja nemendur til náms og aukinnar félagsfærni. Einnig er áhersla á að styðja nemendur með sérþarfir til einstaklingsmiðaðs nám í sinni bekkjardeild.

Einnig er lögð áhersla á að styðja bráðgera nemendur sem sýna framúrskarandi hæfni í námi og/eða félagslegum aðstæðum.

Deildarstjóri sérkennslu

Af hálfu skólans er það skólastjóri og umsjónarmaður sérkennslu sem hefur í umboði skólastjóra umsjón með allri sérkennslu skólans. Umsjónarmaður metur sérkennsluþörf skólans annars vegar og hvers nemanda hins vegar í samráði við sérfræðinga og nemendaverndarráð. Hann skipuleggur sérkennsluna þannig að kennslan nýtist hverjum og einum sem best og að tímamagn skólans nýtist í heild sinni eins vel og kostur er. Skólastjóri er yfirmaður þeirra sem kunna að sinna sérkennslu eða stuðningi í skólanum hverju sinni. Umsjónarmaður sérkennslu sér einnig um dagleg samskipti við aðra sérfræðinga s.s. sálfræðing og talkennara.

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir hefur yfirumsjón með stoðþjónustu og sérkennslumálum skólans



Stoðþjónusta

Talþjálfun er veitt frá Tröppu talþjálfun. Sálfræðingur skólans er Magnús Baldursson frá Proska og hegðunarstöð. Skimanir eru gerðar af umsjónarmanni sérkennslu samkvæmt skimunaráætlun (sjá læsisstefna) og ef tilefni þykir til er málum vísað til skólasálfræðings og þaðan til Greiningastöðvar ef þörf þykir. Almenn skóla- og kennsluráðgjöf er veitt frá ráðgjafarþjónustu [Ásgarðs](#)

Áfallaráð - Áfallaáætlun

Áfallaráð er sameiginlegt fyrir sameinaðan skóla á Hólmavík. Áfallaráð skipa skólastjóri sem er formaður, umsjónarmaður sérkennslu, deildarstjóri leikskóla. Mikilvægt er að áfallaáætlun sé öllum kunn og hún birtist á heimasíðu. Áfallaáætlun verður yfirfarin 2024-2025.

Áfallaáætlun er [hér](#)


Sjá á heimasíðu: [Starfsáætlun leik- og grunnskóla Strandabyggðar 2024-2025 - Google Docs](#)

Lýðræði og mannréttindi

- Nemendur taka beinan þátt í stjórnun skólans og eiga fulltrúa í skólaráði.
- Nemendur eru í nemendafélagi og stjórn þess, fundar með skólastjóra að jafnaði einu sinni í mánuði.
- Í Grunnskólanum í Hólmavík fá nemendur tækifæri til að móta nám sitt, námsumhverfi og skipulag skólastarfsins.
- Í öllu námi og viðfangsefnum skólastarfsins er tekið tillit til áhuga nemenda og þeim ætlað að bera ábyrgð á sínu eigin námi.
- Nemendur læra að þekkja réttindi sín með vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi.
- Haldið er nemendaping og skólaping á hverju skólaári.
- Nemendur taka beinan þátt í að móta skipulag skólans, hafa tillögurétt og alltaf skal á þá hlustað.

Jafnrétti

- Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum í Grunnskólanum í Hólmavík. Samþættu þemaverkefnið gera ráð fyrir því að nemendur tengi viðfangsefni sín



við fyrri þekkingu og móti skoðanir sínar með því að kynna sér efnið og móta nýjar skoðanir í lýðræðislegri samræðu við samnemendur og kennara.

- Unnið er með verkefni sem efla samhygð nemenda reglulega á hverju ári.
- Námskrá Grunnskólans í Hólmavík er sérstaklega sniðin að því að nemendur velti fyrir sér jafnrétti í samhengi við heimsmyndina og hvernig jafnrétti birtist í nútíð, fortíð og framtíð.
- Jafnréttisfulltrúar eru kjörnir af starfsfólki.

Læsi


- Nemendur lesa fjölbreytta texta í tengslum við viðfangsefni sín.
- Verkefnin hefjast á því að nemendur tengja við sína fyrri þekkingu, móta hugmyndir sínar og koma þeim á framfæri við aðra.
- Leiðardagbókarskrif nemenda eru rauður þráður í úrvinnslu nemenda á þeim viðfangsefnum sem þeir fást við. Með slíkum skrifum móta nemendur hugmyndir sínar og færa í letur.
- Nemendur skapa sína eigin merkingu með því að vera stöðugt að velta fyrir sér hugmyndum sínum, máta eða spegla við hugmyndir annarra og þróa eigin tengingar við viðfangsefnin.
- Nemendur vinna sífellt að auknum skilningi á umhverfi sínu og samfélagi með verkefnavinnu sinni.
- Ritun er fastur punktur í námi í nemenda.

Sköpun

- Stöðug sköpun er í gangi í Grunnskólanum á Hólmavík og kennslufræðileg stefna skólans gerir ráð fyrir því að sköpunargáfa nemenda fái að njóta sín.
- Ýtt er undir forvitni og heilabrot með stöðugum rannsóknnum í viðfangsefnum skólastarfsins. Rannsóknir og ígrundun er meginstoð kennslufræðilegar útfærslu í námi skólans.
- Nemendur eru hvattir til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og kynna fyrir samnemendum, kennurum og forsjáraðilum.
- Nemendur hafa val um viðfangsefni og hvernig þeir skila afrakstri verkefna sinna.
- Áhersla á listir og sköpun kemur fram í þemaverkefnum.

Bókasafn og bjargir

Nemendur Grunnskólans á Hólmavík eiga rétt á námsbókum frá Menntamálastofnun og sjá kennarar um að panta þær bækur sem eiga við hverju sinni. Námsbækur stýra



ekki náminu en bækur eru notaðar til að dýpka þekkingu á þeim viðfangsefnum sem verið er að fást við hverju sinni. Í lestrarkennslu er nýtt fjölbreytt lestrarefni.

Skólabókasafn er í Vallarhúsi við skólann og þar er vaxandi bókakostur til að styðja við lestrarþjálfun nemenda.

Tækni og nám

Góð nettenging er nauðsynleg svo nemendur geti stundað nám í Grunnskólanum á Hólmarvík.

Nemendur á unglingastigi og miðstigi hafa nettengda tölvu. Nemendum er veittur aðgangur að gagnabönkum, forritum, orðabókum og öðru viðlíka á kostnað skólans eftir því sem þörf krefur og talið er öruggt. Kennarar styðja nemendur sömuleiðis við að finna þær þjargir í nærumhverfinu sem þau kann að vanta.

Nemendur fá einnig heyrnartól að láni.

Í 1.-4. bekk eru samnýttar tölvur og nokkrar iPad tölvur. Þau fá heyrnartól eftir þörfum. Heyrnahlífar eru líka notaðar þegar nemendur vilja skapa sér ró og ná góðri einbeitingu.

Heimanám


Heimanám er tengt lestri og ritun og hjá því verður ekki komist þar sem æfingin er mikilvægur þáttur í náminu. Stöku verkefni kunna að vera þess eðlis að hluta þeirra þurfi að sinna utan skólatíma, einkum verkefni sem kalla á samstarf við aðra.

Sérhver nemandi þarf að standa skil á verkefnum sínum samkvæmt markmiðum. Ef nemendur hafa ekki nýtt tíma sinn vel við vinnu á skólatíma þá þurfa þeir að ljúka verkefnum utan skólatíma.

Mikilvægt er að þjálfarar nemendur í áætlanagerð í samráði við kennara. Nemendur eiga því að geta sniðið verkefni sín að eigin þörfum og best er að vinna vel á skólatímanum.

Námsgreinar

„Námsgreinar eru mikilvægur hluti skólastarfs en ekki markmið í sjálfu sér. Það er ekki hlutverk skóla að kenna námsgreinar heldur að mennta nemendur og koma hverjum og einum til nokkurs þroska. Í viðfangsefnum og aðferðum námsgreinanna kynnast nemendur ólíkum




sviðum veraldarinnar; heimi hluta og hugmynda, náttúru og menningu. Þeir fræðast um nærumhverfi sitt og fjarlæg heimshorn, kynnast örheimi efnisagna og víðáttum geimsins. Námsgreinar gefa nemendum færi á að kynna sér og ræða siði og lífshætti, þekkingu og hugmyndir, kenningar og staðreyndir, lögmál og reglur sem gefa lífi þeirra og umhverfi merkingu og tilgang. Námsgreinarnar búa einnig yfir mismunandi aðferðum og verklagi, sem nýtast til náms og þroska. Inntak og verklag mismunandi námsgreina þarf að höfða til rökhugsunar jafnt sem tilfinninga og svara meðfæddri forvitni og sköpunarþrá nemenda. Aðferðafræði og verklag ólíkra námsgreina stuðlar að fjölbreyttu námi og almennri menntun. Í samfélaginu eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin mörgum þáttum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulag skólastarfs. Því ætti að vera áhersla á samþættingu námsgreina þar sem horft er til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar. Þannig má nálgast það markmið að gera námið merkingarbærara fyrir nemendur, skýra fyrir þeim samhengi fræðigreina og nauðsyn þess að hafa innsýn í heim þeirra” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sótt 25. apríl 2018).

Faggreinakennsla og samþætting faggreina eru grundvöllur náms í Grunnskólanum á Hólmavík og mynda burðarás kennslunnar. Þær veita nemendum innsýn í ólíkar hliðar heimsins – náttúru, samfélag, menningu og sjálfsmynd – og stuðla að víðsýni, skilningi og færni á margvíslegum sviðum. Markmið kennslu í einstökum námsgreinum er ekki einungis að miðla þekkingu heldur einnig að þroska hugsun, auka sköpunargleði og efla gagnrýna og siðferðislega afstöðu nemenda.

Kennt er samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla þar sem hver námsgrein hefur sín hæfniviðmið og inntak. Nemendur fá markvissa og skipulagða kennslu í öllum greinum samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, með því markmiði að þeir nái færni og þekkingu við lok skólastigsins.

Námsgreinar í Grunnskólanum á Hólmavík eru:

- Íslenska
- Enska og dönsku
- Stærðfræði
- Náttúrugreinar
- Samfélagsgreinar (t.d. saga, landafræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og siðfræði)
- List- og verkgreinar (myndmennt, tónmennt, textíl, smíði og heimilisfræði)
- Íþróttir og hreyfing



- Upplýsinga- og tæknimennt
- Valgreinar

Nemendur vinna ýmist sjálfstætt, í hópum eða teyrum eftir aldri, verkefni og tilgangi. Þeir fá tækifæri til að nýta fjölbreyttar námsaðferðir og vinna með hæfni og viðfangsefni námsgreina á skapandi og gagnvirkan hátt. Með skýrri námsáætlun, leiðsagnarmati og áherslu á lykilhæfni fá nemendur að taka þátt í eigin námi og öðlast meðvitund um stöðu eigin þekkingar í náminu.

Valgreinar


„Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sótt 25. apríl 2018).

Valgreinar eru hluti af skyldunámi á unglingastigi og veita nemendum tækifæri til að móta nám sitt í samræmi við áhuga og framtíðaráform. Í Grunnskólanum á Hólmavík eru valgreinar skipulagðar fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk og mynda að jafnaði allt að fimmtung heildarnáms þeirra, í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla. Hlutfall og skipulag valsins getur verið breytilegt milli árganga og er nánar útfært í árlegri starfsáætlun skólans.

Valið styður við fjölbreyttar leiðir í námi, hvetur til sjálfstæðis og þátttöku nemenda og styrkir hæfni þeirra til að taka upplýstar ákvarðanir um framtíðina. Valgreinar geta falið í sér þekkingaröflun, listsköpun, verklegt nám, íþróttir, tækni, samfélagslega þátttöku eða starfsnám, eftir því sem við á hverju sinni og í samræmi við framboð skólans og áhuga nemenda.

Nemendur velja á hverju hausti úr breytilegu vali sem kann að fela í sér t.d.:

- List- og verknám (myndlist, tónlist, heimilisfræði, smíðar, textíl, sviðslistir)
- Tungumál og menning
- Tækni og tölvur
- Íþróttaval
- Félagsstörf og samfélagsverkefni
- Fræðileg eða skapandi verkefni



Auk formlegs vals getur nám utan skóla, svo sem í listaskóla, íþróttafélagi, tómstundastarfi, námskeiðum eða starfsþjálfun talist til valgreina, að því tilskildu að það falli að markmiðum og viðmiðum aðalnámskrár. Slíkt þarf að vera samþykkt af skólastjórn í samráði við forsjáraðila.

Skólinn styður við nemendur í valferlinu með aðkomu kennara og náms- og starfsráðgjafa. Með valgreinum gefst nemendum tækifæri til að efla sjálfstæði, vinna með áhugasvið sitt og undirbúa sig undir nám og þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum.

Undanþága frá skyldunámi

Samkvæmt grunnskólalögum er skólastjóra heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Þetta getur til dæmis átt við þegar nemendur hafa annað móðurmál en íslensku og eru beðnir um undanþágu frá námi í dönsku. Slíkt getur einnig átt við nemendur sem hafa búið erlendis í lengri tíma eða eru með aðrar sérþarfir sem krefjast aðlögunar á námsvali.


Grunnskólinn á Hólmavík tekur mið af þessum heimildum og veitir undanþágu frá skyldunámsgrein þegar það á við og í samráði við foreldra/forsjáraðila og skólayfirvöld. Meginmarkmið skólans er þó ætíð að finna leiðir til að nemandi geti tekið þátt í náminu á eigin forsendum, með viðeigandi stuðningi eða aðlögun, áður en gripið er til undanþágu.

Sérstakar undanþágubeiðnir, t.d. frá námi í dönsku, skulu berast skólastjóra skriflega með rökstuðningi. Við úrvinnslu beiðna er haft samráð við foreldra/forsjáraðila, umsjónarkennara og eftir atvikum sérkennara eða námsráðgjafa. Niðurstaða er kynnt aðstandendum innan tveggja vikna.

Ef nemandi fær samþykktu undanþágu, er leitast við að bjóða viðeigandi valkost í stað skyldunámsgreinar, t.d. frekara nám í íslensku, ensku eða öðru tungumáli. Þannig er tryggt að námstíminn nýtist sem best fyrir hvern og einn.

Undanþága sem veitt er í grunnskóla getur haft áhrif á val og inntökuskilyrði í framhaldsskóla, en slíkt ræðst af reglum viðkomandi framhaldsskóla og er utan ábyrgðarsviðs grunnskólans.

Ef ástæða er til að óska eftir undanþágu í fleiri námsgreinum er mikilvægt að foreldrar/forsjáraðilar hafi samband við skólastjóra og fari yfir stöðuna í samráði við



fagfólk skólans. Markmið skólans er að styðja nemendur til þátttöku og námsframfara á þeim forsendum sem best henta hverjum og einum.

Samstarf heimilis og skóla

Samkvæmt barnalögum eru **forráðamenn** þeir sem fara með forsjá barns og bera ábyrgð á uppeldi þess. Þeir gegna lykilhlutverki í menntun barna sinna og samstarf heimilis og skóla er ein af mikilvægustu forsendum árangursríks náms og vellíðanar nemenda.

Í Grunnskólanum á Hólmavík er lögð rík áhersla á gott og reglulegt samstarf við forráðamenn. Skólinn kappkostar að skapa traust, gagnsæi og samvinnu sem byggir á virðingu, upplýsingagjöf og sameiginlegri ábyrgð á velferð og framförum hvers barns.


Við upphaf skólagöngu nýrra nemenda eru forráðamenn boðaðir til kynningar á skólastarfinu. Í gegnum skólaárið eru haldnir formlegir fundir, m.a. **foreldraviðtöl** þar sem nemandi tekur virkan þátt í undirbúningi og framsetningu. Markmiðið er að efla ábyrgð nemandans á eigin námi og gera forráðamenn að virkum þátttakendum í námsferlinu.

Kennarar veita reglulega upplýsingar um nám og stöðu nemenda, ýmist í gegnum **Mentor, upplýsingakerfi skólans**, tölvupóst, símhringingar eða í persónulegum samtölum. Forráðamenn eru hvattir til að leita til kennara og skólastjórnenda hvenær sem þeir hafa áhyggjur eða spurningar.

Í sameiginlegum viðburðum skólans, s.s. opnum dögum, sýningum, kynningum og viðburðum á vegum nemenda, er lögð áhersla á að forráðamenn fái tækifæri til að kynnast skólastarfi og styrkja tengsl við skólann.

Foreldrafélag starfar innan skólans og tekur virkan þátt í að efla félagslíf og styðja við skólann. Samstarf við foreldrafélagið og nemendaverndarráð er jafnframt hluti af viðtæku skólasamfélagsi þar sem raddir foreldra fá að heyrast og hafa áhrif.

Forráðamenn eru alltaf velkomnir í skólann og eru hvattir til að fylgjast með framförum barna sinna og taka þátt í skólasamfélaginu með virku og jákvæðu viðhorfi.



Samstarf við framhaldsskóla

Nemendur í Grunnskólanum á Hólmavík fá fræðslu og leiðsögn í tengslum við val á framhaldsnámi og starfsleiðum. Náms- og starfsfræðsla er hluti af skólastarfinu á unglingastigi og miðar að því að styðja nemendur við að taka upplýstar og raunhæfar ákvarðanir um næstu skref eftir grunnskóla.

Skólinn er í virku samstarfi við framhaldsskóla á landsvísu og veitir nemendum tækifæri til að kynna sér ólíkar námsleiðir, hvort sem um ræðir bóknám, listnám, verknám eða iðn- og starfsnám. Kynningar frá framhaldsskólum eru hluti af starfi skólans á eldri stigum og nemendur fá einnig stuðning við skráningu og umsóknarferli.

Ef nemandi í 9. eða 10. bekk hefur lokið markmiðum grunnskólans að hluta eða í heild geta skapast forsendur fyrir því að hann stundi nám í framhaldsskóla sem hluta af grunnskólanámi. Slíkt er unnið í samráði við viðkomandi framhaldsskóla, forráðamenn og skólayfirvöld. Kostnaðarskipting og fyrirkomulag slíks náms fer eftir ákvæðum laga um grunn- og framhaldsskóla og þarf að liggja fyrir í formlegu samkomulagi milli skólanna.

Fyrir nemendur með einstaklingsmiðað eða aðlagað nám sem ekki samræmist að fullu hæfniviðmiðum aðalnámskrár (stjörnumerkt mat), er unnin sérstök [tilfærsluáætlun](#) í samstarfi við kennara, námsráðgjafa og forráðamenn. Þar er markvisst unnið að því að undirbúa viðeigandi stuðning og námsleiðir í framhaldsskóla, í samræmi við þarfir viðkomandi nemanda.

Skólinn styður einnig nemendur sem hyggja á flutning í aðra grunnskóla eða heimaskóla með sams konar tilfærsluáætlun sem miðar að því að tryggja samfellu í námi og vellíðan í yfirfærslu.

Tengsl skóla við nærsamfélagið

Grunnskólinn á Hólmavík leggur ríka áherslu á tengsl við nærsamfélagið. Námið á að endurspegla daglegt líf, umhverfi og menningu þeirra barna sem sækja skólann, og stuðla að því að þau kynnist styrkleikum, sögu og möguleikum samfélagsins á Ströndum.

Í gegnum skipulag náms og kennslu er leitast við að virkja samfélagið sem lifandi námsvettvang. Verkefni nemenda tengjast reglulega nærumhverfi þeirra og þau fá



tækifæri til að vinna með raunverulegum viðfangsefnum í samvinnu við stofnanir, fyrirtæki, listafólk og aðra aðila á svæðinu. Með þessu er stuðlað að merkingarbæru námi, aukinni þátttöku nemenda og samfélagslegri meðvitund.

Útivist, íþróttir og sundkennsla fara fram að hluta til í samstarfi við aðstöðu í sveitarfélaginu, m.a. sundlaugina og íþróttasvæði. Í list- og verkgreinum vinna nemendur oft með efni og aðferðir sem krefjast aðgengis að náttúru, verkfærum eða leiðbeinendum utan skólans. Slík verkefni eru skipulögð í samvinnu við forráðamenn og með hliðsjón af aðstæðum hvers og eins.

Í valgreinum og atvinnutengdu námi leita nemendur í auknum mæli til fyrirtækja og stofnana á svæðinu. Þar fá þeir innsýn í atvinnulíf og samfélagsleg verkefni og þróa þannig bæði verklega færni og samfélagslega ábyrgð.

Í gegnum allt skólaárið eru tengsl við menningar-, félaga- og fræðslustofnanir á svæðinu nýtt til að auðga skólastarfið, s.s. með heimsóknum, viðburðum og samstarfsverkefnum. Sjóminjasafnið á Hólmanvík, Hnyðja, bókasafnið, tónlistarskólinn og listafólk í héraðinu eru allt dæmi um samstarfsaðila sem stuðla að lifandi og staðbundinni menntun.

Þessi tengsl eru skráð í námsáætlanir og tekin til umræðu í nemendastýrðum samtölum við forráðamenn og kennara, þar sem rýnt er í hvernig þau styðja við hæfniviðmið og áhugasvið hvers og eins.


Áætlun um agamál

Í skólareglum er fjallað um æskilega hegðun og framkomu og lögð fram áætlun til að bæta úr hegðun sem ekki telst æskileg. Áhersla er lögð á bætingu og framfarir, mikilvægi samtalsins og þá staðreynd að mistök eru tækifæri til að læra

[Skólareglur](#)

Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku. Skólastjórnendum og kennurum ber



að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra.
(Úr 3. gr. reglugerðar um ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla).

Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda

Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og fá að tjá sig ef fundið er að hegðun þeirra skv. 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar með talið hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki skv. 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Ábyrgð, réttindi og skyldur forsjáraðila

Forráðamenn bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki, þ.m.t. að þau sækji skóla. Forráðamenn gæta hagsmuna barna sinna og upplýsir starfsfólk skóla um þætti sem kunna að hafa áhrif á ástundun og hegðun. Forráðamenn bera ásamt nemanda að taka þátt í meðferð mála sem upp kunna að koma. Þessi atriði byggjast á 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélagsins í grunnskólum.


Innra mat

Innra mat er mikilvægt tæki til að tryggja gæði í skólastarfi og stuðla að stöðugri þróun. Í Grunnskólanum á Hólmavík er innra mat samofið daglegu skólastarfi og felur í sér reglulega ígrundun, mat og umbætur á stjórnun, námi og kennslu. Markmiðið er að skapa lærdómssamfélag þar sem allir sem koma að skólanum taka virkan þátt í að efla gæði og velferð innan skólans.

Skólinn byggir innra mat sitt á gæðaviðmiðum MMS og er framkvæmd þess í samræmi við lög og reglugerðir um grunnskóla. Innra mati er ætlað að tryggja að skólastarf sé í sífelldri þróun og taki mið af þörfum nemenda, foreldra og samfélagsins.

Í Grunnskólanum á Hólmavík er unnið samkvæmt langtímaáætlun um innra mat, þar sem markmið, áherslur og mælingar eru skilgreindar. Á hverju skólaári eru ákveðnir þættir teknir til ítarlegrar skoðunar, meðal annars:

- Nám og kennsla
- Stjórnun



- Skipulag innra mats

Við innra mat eru nýtt fjölbreytt verkfæri, svo sem viðhorfskannanir meðal nemenda, foreldra og starfsfólks, vettvangsathuganir, greining gagna, starfsþróunarfundir og sameiginleg fagleg ígrundun. Niðurstöður eru nýttar til umbóta og forgangsroðunar í skólapróun.

Á hverju ári skilar skólinn **sjálfsmatsskýrslu** til fræðsluyfirvalda sveitarfélagsins, þar sem fram koma helstu niðurstöður og áætlanir um umbætur. Innra matið er hluti af menningu ábyrgðar, gagnsæis og sameiginlegrar sýnar á gæði skólastarfs.

 Ársáætlun Skólaráð - Gæðaráð sameinaðs skóla í Strandabyggð

Áætlanir

Áætlanir eru hluti af skólanámskrá og má finna þær á heimasíðu skólans.

Kerfisbundin endurskoðun á áætlunum fer fram með reglubundnum hætti. Yfirlit yfir allar áætlanir og endurskoðun þeirra má sjá hér:

 Endurskoðun áætlana leik- og grunnskóla Strandabyggð

